

**Samgöngu – og sveitastjórnarráðuneytið**  
**Skúlagötu 7**  
**101 Reykjavík**

Reykjavík 4. september 2018

**Efni: Erindi Eypórs Arnalds, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna fundar Skipulags- og samgönguráðs þann 15. ágúst sl. Tilv.: SRN18080072/4.13.3**

Visað er til bréfs ráðuneytisins dags. 28. ágúst sl. þar sem ráðuneytið óskar eftir umsögn Reykjavíkurborgar um erindi Eypórs Arnalds, þar sem hann, fyrir hönd borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, óskar eftir álitum ráðuneytisins á því hvort undirbúningur fundar skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, sem haldinn var 15. ágúst sl. hafi verið í samræmi við ákvæði laga og reglna og hvort boðun hans geti talist hafa verið fullnægjandi. Erindið var framsent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar frá skrifstofu borgarstjóra með tölvupósti þann 3. september sl.

### Umsögn

Í 7. gr. samþykktar fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn 21. júní 2016, eru reglur um boðun funda og fundarsköp. Segir þar að fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Í því tilfelli sem hér er til umfjöllunar fengu tveir fulltrúar ekki fundarboð innan þess sólarhrings frests sem tilskilinn er á fundarboði, þau Baldur Borgþórsson, áheyrnarfulltrúi Miðflokksins og Hildur Björnsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, en tölvupóstföng þeirra höfðu misritast í fundarboði. Einnig olli bilun í tölvubúnaði því að útsending gagna fundarins töfðust lítillega, en gögnin voru orðin aðgengileg í síðasta lagi þann 14. ágúst sl. kl. 12:47.

Fundarboð var sent þann 13. ágúst 2018 kl. 13:56 sem er meira en lögbundinn fyrirvari. Þann 14. ágúst sl. kl. 12:31 sendi Eypór Arnalds fulltrúi Sjálfstæðisflokksins tölvupóst til Mörtu Grettisdóttur verkefnastjóra hjá Reykjavíkurborg og gerði athugasemdir við boðun fundar. Voru veittar skýringar af hálfu Reykjavíkurborgar sendar Eypóri samdægurs kl. 12:47 svohljóðandi:

*„ Heil og sæl*

*Illu gekk að setja gögnin á vef skipulags- og samgönguráðs vegna bilunar hjá utd*

*Nú ættu allir að vera búnir að fá gögnin*

*Biðst ég afsökunar á þessum töfum og vona að þetta komi ekki fyrir aftur*

*Þetta varðandi Hildi hafði ég ekki áttað mig á en nú er ég búin að lagfæra það áttaði mig ekki á að hafa [Hildur.björnsdottir2@reykjavik.is](mailto:Hildur.björnsdottir2@reykjavik.is)*

*Góð kveðja*

*Marta “*



Skýringar voru einnig sendar kl. 12:55 til áheyrnarfulltrúa Miðflokksins Baldurs Borgþórssonar, svohljóðandi:

„ Heill og sæll

*Fundarboðið kom endursent fékk rangar Upplýsingar um netfangið þitt*

*Þetta kemur ekki fyrir aftur*

*Kv. Marta”*

Þann 14.8. kl. 12:56 barst svar frá Eypóri Laxdal Arnalds við nefndum skýringum svohljóðandi:

*„Sæl Marta. Takk fyrir að bregðast við þessu en það er mjög óheppilegt að fundarboð berist ekki til fundarmanna og dagskrá hafi ekki farið út fyrir en núna. Varðandi gögnin sýnist mér vanta eitthvað af þeim. Þá sé ég ekki tillögu okkar um íbúðabyggð á “BSÍ reit” sem var frestað á síðasta fundi. Við óskum eftir að hún verði tekin fyrir eins og gert var ráð fyrir. Kk, Eypór “*

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins sendi svo svar við skýringum kl. 12:57 þann 14. ágúst svohljóðandi:

*„Allt í sóma Marta og bestu þakkir fyrir skjót viðbrögð kv. Baldur.“*

Þann 14. ágúst kl. 12:39 sendi svo Örn Sigurðsson skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra svohljóðandi skeyti:

*„Fundurinn var boðaður 13. ágúst kl. 13:56, sem er meira en lögbundinn fyrirvari“.*

Þann 15. ágúst kl. 08:26 barst svo tölvupóstur frá áheyrnarfulltrúanum svohljóðandi:

*„Núna kl.08:24 þann 15. ágúst, hefur mér enn ekki borist fundarboð svo þetta er ekki rétt hjá þér Örn. Ég verð því að gera athugasemd um lögmæti fundarins. Kv. Baldur“*

Í ritinu „Sveitarstjórnarréttur, fundir og fundarsköp“ eftir Gunnar Eydal, á bls. 37 -38 er fjallað um lögmæti fundar.

Þar segir eftirfarandi:

*„Fundur í sveitarstjórn er almennt löglegur til töku bindandi ákvarðana sé löglega til hans boðað. Í þessu felast þær grundvallarkröfur að réttur aðili boði til fundar, fundarstaður og fundartími sé tiltekinn og hann sé boðaður með réttum hætti. Að öðrum kosti er kjörnum fulltrúum ekki skylt að mæta. Ber þeim að gera athugasemdir við fundarboð verði því við komið, ef þeir hyggjast mótmæla lögmæti fundar sem þannig er boðað til.“ bls. 37.*

*„Hvað varðar nefndir og ráð sveitarfélagsins er skylt að boða áheyrnarfulltrúa og aðra þá sem rétt hafa til fundarsetu í nefndum og ráðum samkvæmt lögum eða samþykkt sveitarfélagsins. Almennt getur það þó ekki valdið ógildi fundar þótt fundarboð til þessara aðila hafi farist fyrir.“ bls. 38.*

Umræddir borgarfulltrúar þeir Eypór Arnalds og Baldur Borgþórsson og jafnframt Hildur Björnsdóttir, mættu engu að síður tímanlega á fundinn. Það er því ekki að sjá, að ofangreindir



meinbugir á fundarboði hafi á nokkurn hátt hamlað eða komið í veg fyrir fundarsókn umræddra ráðsmeðlima.

Verður því heldur ekki séð, að sá galli sé á fundarboðinu að valdið geti ólögmæti fundarins og er það því mat undirritaðs að fundurinn hafi verið löglegur þrátt fyrir óverulega galla á fundarboði og útsendingu gagna eins og lýst hefur verið vegna innsláttarvillu á netföngum og bilunar í tölvubúnaði sem starfsmenn Reykjavíkurborgar viðurkenndu og báðust velvirðingar á.

Sérstök athygli skal á því vakin að vegna þess galli á fundarboði getur haft áhrif á ályktunarhæfni fundar, þá var sú ákvörðun tekin á fundinum að fresta öllum þeim málum sem til stóð að fullnaðarafgreiða á fundinum.

F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs

---

Harri Ormarsson, hdl.

Meðfylgjandi gögn:

- Tölvupóstsamskipti.
- Fundargerð fundar Skipulags- og samgönguráðs.